

**Brjef landshöfðingja til biskupsins yfir Íslandi um bráðabirgðaruppbót til fátækra brauða.** — Samkvæmt tillögum yðar, háæruverðugi herra, í þóknanlegu brjefi, dagsettu 26. f. m., skal þeim 4000 kr., sem með 13. gr. A b. 2. í fjárlögunum eru veittar fyrir árið 1883 til bráðabirgðar-uppbótar fátækum brauðum, skipt þannig, að prestaköll þau, er nú skal greina, fái þá uppbót, sem til færð er við hvert þeirra:

1. Skeggjastaðir . . . . .	100 kr.
2. Desjarmýri . . . . .	100 —
3. Kálfafellsstaður . . . . .	200 —
4. Sandfell . . . . .	400 —
5. Kálfholt . . . . .	150 —
6. Efri-Holtaping . . . . .	100 —
7. Staður í Grindavík . . . . .	200 —
8. Hestsþing . . . . .	100 —
9. Hvammur í Norðurárdal . . . . .	100 —
10. Saudlauksdalur . . . . .	100 —
11. Staður í Aðalvík . . . . .	400 —
12. Staður í Grunnavík . . . . .	200 —
13. Tröllatunga . . . . .	150 —
14. Tjörn á Vatnsnesi . . . . .	100 —
15. Hvammur og Keta . . . . .	200 —
16. Fell . . . . .	200 —
17. Goðdalir . . . . .	100 —
18. Helgastaðir . . . . .	100 —
19. Miðgarðar í Grimsey . . . . .	100 —
20. Hvanneyri . . . . .	200 —
21. Kvíabekkur . . . . .	200 —
22. Þönglabakki . . . . .	300 —
23. Lundarbrekka . . . . .	200 —
	<hr/>
	4000 —

Þetta er hjer með þjónustusamlega kunngjört yðar háæruverðugheitum til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigendum, og skal jeg um útborgun þessara uppbóta vísa til ráðgjafabrjefs 11. nóvember 1881 (B 161).

**Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um skaðabótakröfur vesturfara.** — Með þóknanlegu brjefi 20. desember f. á. hafið þjer, herra amtmáður, sent mjer kæruskjöl frá nokkrum vesturförum, sumpart af Seyðisfirði og Vopnafirði, sumpart af Akureyri, út af því, að samningar þeir, er gjörðir höfðu verið við þá af hálfu Allanfjælgagsins um flutning þeirra í sumar er leið til Vesturheims, hafi ekki verið haldnir við þá að því leyti, að skip það, er átti að flytja þá, hafi ekki komið á tilteknum tíma, svo að þeir hafi orðið að bíða ferðbúnir, sjer til stórskaða, og hafið þjer lagt málefni þetta undir úrskurð landshöfðingjans.

Eptir að jeg hefi gefið útflutningsstjóra Allanfjælgagsins hjer í bænum, Sigfúsi ljósmyndara Eymundarsyni, færi á að koma fram með tilsvaer sitt viðvíkjandi umræddum skaðabótakröfum, og jafnframt og þess skal getið, að frá vesturförum þeim, sem fluttir voru frá Seyðisfirði og Vopnafirði, hefur engin formleg kæra nje skaðabótakrafa komið, 3 dag aprilmánaðar 1883.